

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni Víðidal 18. nóvember 2019 klukkan 17:00

Mættir: Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Hlíf Sturludóttir, Sigurbjörn Þórmundsson og Einar Gíslason.

1. Opnunartími reiðhóllarinnar

Töluverður kostnaður hlýst af því að hafa alla reiðhöllina opna fram eftir kvöldi. Þannig þarf alltaf einhver að loka húsinu klukkan 22 á kvöldin og er greitt fyrir það. Þá hefur einnig verið samið við reiðkennara eða aðra sem eru að temja á kvöldin til að loka. Það kom oft fyrir síðasta vetur að viðkomandi aðili hafði gleymt að loka húsinu með tilheyrandi hættu á að dýrum búnaði og verkfærum hefði getað verið stolið.

Þá er anddyrið lítið sem ekkert notað á kvöldin af félagsmönnum. Þeir sem eru að halda litla fundi hafa iðulega fengið Guðmundarstofu til afnota.

Með tillögunni hér að neðan er meira eftirlit með húsinu og þeim búnaði og verkfærum sem í því er.

Framkvæmdastjóri leggur til eftirfarandi:

- Opnunartími anddyris og annarra svæði í húsinu er frá 09:00 til 17:00 virka daga.
- Opnunartími reiðsvæðis er frá 08:00 til 22:00. Hurðir út úr reiðsalnum verða merktar kyrfilega með merkingum um að þjófavarnarkerfi sé virkt fyrir innan hurðir.

Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra.

2. Erindi til stjórnar Fáks frá Jakobi Jónssyni varðandi skipti á lóðum við Fák við Vegbrekkur.

Sjá erindi í viðauka með fundargerð.

Stjórn samþykkir erindi Jakobs Jónssonar um makaskipti á lóðum gegn því að framkvæmdir hefjist innan árs.

3. Uppskeruhátíð Fáks

Framkvæmdastjóra er falið að athuga hvort félagsheimilið er laust í byrjun desember fyrir uppskeruhátíð Fáks.

4. Reiðhallargólf

Umræður eru um gólfíð í reiðhöllinni og hversu hart það er. Framkvæmdastjóra er falið að skoða hvaða kostir eru í stöðunni varðandi íblöndun við núverandi efni.

5. Tilnefningar til íþróttafólks Reykjavíkur

Framkvæmdastjóra er falið að senda tilnefningar til ÍBR.

6. Íslandsmót 2020

LH hefur leitað til Fáks um að halda Íslandsmót ungmenna og fullorðinna 2020. Stjórn vísar því erindinu til mótanefndarinnar.

Fundi slitið 17:50.

Fundargerð ritaði Einar Gíslason.

18.nóv 2019

Til stjórnar og framkvæmdarstjóra Hestamannafélagsins Fáks,

Erindi mitt er að spyrjast fyrir um hvort hægt sé að gera skipti á lóðum í Almannadal. Félag í minni eigu, Jónsson og Briem ehf, á tvær lóðir og Fákur á eina lóð á sama byggingarreit. Lóð Fáks er á milli lóða í eigu Jónsson og Briem ehf og væri mjög mikið hagræði í að hafa þessir lóðir í minni eigu hlið við hlið. Árið 2008 var gert munnlegt samkomulag um skipti á lóðum við þáverandi sjórnendur Fáks en málið var hinsvegar aldrei klárað. Lóðirnar eru jafnstórar svo að skipti ættu ekki að hafa neinar breytingar í för með sér fyrir Fák.

Með von um jákvæðar undirtektir,

Jakob Jónsson (gsm 897-5021)
